

Fundargerð

Árið 2023, fimmtudaginn 16. nóvember kl. 12:15, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til rafræns fundar á Teams.

Fundinn sátu: Guðmundur Baldvin Guðmundsson formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Dan Jens Brynjarsson, Hrund Pétursdóttir, Hörður Hilmarsson, og Theódóra S. Þorsteinsdóttir ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Árna Sverri Hafsteinssyni og Sigrúnu Dögg Kvaran, sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Grindavík varaneysluvatnsból

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga um úthlutun framlags vegna mögulegrar stöðvunar á vatnsöflun vegna náttúruhamfara á Reykjanesskaga.

Um nokkurn tíma ríkti hættustig Almanna- og sveitarfélögin á Reykjanesskaga vegna mögulegra náttúruhamfara sem kynnu að hafa svo alvarleg áhrif að grunninnviði hitaveitu og vatnsveitu á svæðinu yrðu með öllu óstarfhæfar og sömuleiðis hluti rafveituinnviða.

Í ljósi þessa vinna HS Veitur, HS Orka og sveitarfélögin á svæðinu að undirbúningi ýmissa aðgerða sem grípa mætti til, kæmi til þess að atburðir sem þessir raungerðust.

Nú hefur það gerst í ljósi atburða síðustu daga að lýst hefur verið yfir neyðarstigi Almanna- og sveitarfélögin á svæðinu vegna mögulegs eldgoss sem gæti orðið á eða við ofangreinda innviði. Vísað er til þess að eldgos og hraunrennsli frá því, geti náð til jarðhitavinnslunnar í Svartsengi en jafnframt til neysluvatnsauðlindarinnar í Lágum skammt frá Svartsengi.

Í þessari sviðsmynd yrðu allir íbúar og fyrirtæki á þjónustusvæði HS veitna á Reykjanesskaga heitavatslausir og stærstur hluti þeirra einnig á neysluvatns. Í ljósi þess er áriðandi að hefja þegar í stað framkvæmdir við varaneysluvatnsbólin.

Áætlanir gera ráð fyrir að koma upp varaneysluvatnsbólum í vatnsverndarsvæðinu á Romshvalnesi eða nánar tiltekið við Árnarétt í Garði. Lögð er áhersla á að hér er um varaneysluvatnsból að ræða en með verkefninu er fyrirhugað að geta aukið neysluvatnsöflun við Árnarétt í Garði í Suðurnesjabæ til þess að geta brugðist við mögulegri stöðvun á vatnsöflun í Lágum í Grindavík vegna náttúruhamfara.

Umræður voru um eignarhald og aðkomu eigenda að framkvæmdinni ásamt mögulegum greiðslum úr Náttúruhamfartryggingum Íslands ef til verulegs tjóns kæmi.

Á grundvelli þess að neyðarstigi Almannavarnar hefur verið lýst yfir á Reykjaneskaga og þess neyðarástands sem getur skapast með því að yfir 30 þúsund manns auk stofnana og fyrirtækja geta orðið neysluvatnslaus komi til þess að núverandi vatnsból sveitarfélaga á þjónustusvæði HS veitna verði óvirk leggur ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs til við ráðherra að veitt verði allt að 144 m.kr. framlag á grundvelli f. liðar 11. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

F. liður laganna hljóðar með eftirfarandi hætti:

f. Til greiðslu framlaga til sérstakra verkefna sem geta haft mikla þýðingu fyrir sveitarfélög og/eða leiða til hagræðingar í rekstri og þjónustu þeirra.

Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin að veita framlag að fjárhæð allt að 144 m.kr.

Önnur mál voru ekki tekin fyrir og fundi slitið kl. 12:58.

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

Ásta Stefánsdóttir

Hrund Pétursdóttir

Dan Jens Brynjarsson

Hörður Hilmarsson

Friðjón Einarsson

Theódóra S. Þorsteinsdóttir